

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 348

febrúar 2025



We Serve

Febrúar 2025. Blað nr. 348
THE LION IN ICELANDIC
Fjöllumdæmi 109

Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði
alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku,
farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku,
ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku,
spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu
Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur
í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka
daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir

Fjöllumdæmisstjórn:



Geirbrúður Fanney Bogadóttir,
fjöllumdæmisstjóri. Geirbrúður
er félagi í Lionsklúbbum Ása.
Ef þú þarft að hafa samband
við hana þá er netfang hennar:
gbogadottir@gmail.com



Inga Lóa Steinarsdóttir,
umdæmisstjóri í 109 A. Inga
Lóa er félagi í Lionsklúbbum
Freyju og er með
tölvupóstfangið
ingalao75@simmet.is



Sumarliði Ásgeirsson,
umdæmisstjóri 109B.
Sumarliði er félagi í
Lionsklúbbs Stykkishólms.
Netfang Sumarliða er
fimmfiskar@gmail.com

FJÖLUMDÆMISRÁÐ

FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2024 – 2025

Fjöllumdæmisstjóri: Geirbrúður Fanney
Bogadóttir, Lkl. Ása

Umdæmisstjóri 109A: Inga Lóa
Steinarsdóttir, Lkl. Freyja

Umdæmisstjóri 109B: Sumarliði
Ásgeirsson, Lkl. Stykkishólms

Fjöllumdæmisritari: Guðmundur Helgi
Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjöllumdæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,
Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjöllumdæmisstjóri: Sigfríð
Andradóttir, Lkl. Ása

Vara fjöllumdæmisstjóri: Anna Fr.
Blöndal, Lkl. Ylfa

Protokol- og þingstjóri: Hörður
Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Alþjóðasamskiptastjóri: Jónas Yngvi
Asgrímsson, Lkl. Dynkur

Markaðs- og kynningarstjóri: Theodór
Francis Birgisson, Lkl. Selfoss

Umhverfisstjóri: Dagný Finnsdóttir,
Lkl. Úa

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell
Cýrusson, Lkl. Víðarr

Netstjóri: Sigríður Guðmundsdóttir,
Lkl. Kiddi (.is)

GLT stjóri (menntun og
leiðtogaþjálfun): Halldór
Kristjánsson, Lkl. Ásbirni

GMT stjóri: (félagamál): Jón Pálmason,
Lkl. Víðarr

GST stjóri: (verkefni) Sigfríð
Andradóttir, Lkl. Ása

GET stjóri: (útbreiðslumál) Kristófer
Tómasson, Lkl. Geysir

NSR-AU nefndarmaður: Þorkell
Cýrusson, Lkl. Víðarr

NSR Coordinator: Björg Bára
Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni
Þorsteinsson fyrr. Alþjóða-
stjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar

ID Alþjóðastjórnarmaður 2023-2025:
Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbjörn

Heiðursjóður Guðrúnar
Bjartar(formaður): Hörður
Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Björg Bára
Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Laganefnd (form.): Eldjárn Árnason,
Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Björn Guðmundsson,
Lkl. Hængur

PIP: Guðrún Björt Yngvadóttir,
Lkl. Eik

Medic Alert stjóri: Þór Steinarrson,
Lkl. Fjörgyn

Rauðu fjáðrar stjóri: Baldur Ingi
Karlsson, Lkl. Hængur

Formaður Kjaransorðunefndar.
Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Sigrún
Ólafsdóttir, Lkl. Rán

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur
Sigurðsson, Lkl. Ásbirni

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur
Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.
Ingbergisdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Halldór K.
Hermannsson, Lkl. Grindavíkur

Varaumdæmisstjóri 109A: Thelma Rós
Kristinsdóttir, Lkl. Eden

Varaumdæmisstjóri 109B: Aðalsteinn
Hallgrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Varaumdæmisstjóri (annar) 109A: Einar
Hilmarsson, Lkl. Laugardæla

Varaumdæmisstjóri (annar) 109B:

Fránkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2024 – 2025:

Alþjóðaforseti Fabrício Oliveira, Brazil;
Fyrrverandi alþjóðaforseti Dr. Patti Hill,
Canada;

Vara alþjóðaforseti, A.P. Singh, India;

Annar vara alþjóðaforseti Mark S. Lyon,
United States;

Þriðji vara alþjóðaforseti Dr. Manoj
Shah, Kenya.

Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:

Balkrishna Burlakoti, Nepal;

Feng-Chi Chen, China Taiwan;

Marie T. Cuning, USA;

Marcel Daniëls, Belgium;

Luis Jesus Castillo Gamboa, Panamá;

Babu Rao Ghattamaneni, India;

Masashi Hamano, Japan;

Edwin Guy Hollander, USA;

Sung-Gil Jung, Republic of Korea;

Halldór Kristjánsson, Ísland;

Danyal Kubin, Türkiye;

John Allen Lawrence, USA;

Steven Middlemiss, USA;

Hans J. Neidhardt, USA;

Joanne Ogden, Canada;

Anthony Paradiso, USA;

Katsuki Shirotsaka, Japan.

Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:

Raj Kumar Agarwal, India;

Guy-Bernard Brami, France;

Dr. Karl Brewi, Austria;

Debbie Cantrell, USA;

Chris Carlone, USA;

Luis Augusto David Caro Chong, Peru;

Dato' Yeow Wah Chin, Malaysia;

Lorena Hus, Slovenia; Ea-Up Kim,
Republic of Korea;

S. Magesh, India;

Robert "Ski" Marcinkowski, USA;

Pankaj Mehta, India;

Bert Nelson, USA;

Ramesh C. Prajapati, India;

Princess Bridget Adetope Iyachus,
Nigeria;

Graeme John Wilson, New Zealand;

David Wineman, USA;

Dong Zhao, China.

Upplag: 1000 eintök – Þökkun og
dreifing: Lionsskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Forsíðumynd tók
Sumarliði Ásgeirsson

Ritstjórnargrein



Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er fjórða tölublað þessa starfsárs komið út. Þetta blað er eingöngu
netblað.

Bláðið er fjölbreytt að þessu sinni og er það vel.

Margar áhugaverðar greinar eru í þessu blaði sem ég hvet ykkur til að lesa. Eins og grein frá kveðjuhöfi sem haldið var
fyrir Magneu Halldórsdóttur sem lét af störfum á skrifstofu Lions á Íslandi nú fyrir skemmstu og óska ég henni velfarnaðar á
nýjum vettvangi og um leið óska ég nýjum starfsmanni á skrifstofunni velfarnaðar í starfi og vænti góðs af samstarfi við hana
í framtíðinni en hún heitir Sæunn Þórisdóttir. Upplýsingar um lionsþingið í Ólafsvík eru einnig í blaðinu sem og grein um
niðurgreiðslu hreyfingarinnar vegna þingsins. Ég hvet ykkur til kynna ykkur þingið og mæta í Ólafsvík. Það er ekki oft sem ég
fæ grein frá mökum lionsfélaga en nú bregður svo við. Haraldur Árni Haraldsson eiginmaður fjöllumdæmisstjórnans segir frá
makaferð sem hann fór í á NSR þinginu núna í janúar sem hvet alla til að lesa. Ég gæti haldið áfram að benda á greinar en
læt þetta nægja í þetta sinn.

Þeir sem sendu greinar í blaðið þakka ég fyrir þeirra framlag og eins öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs.

Lionsblaðið er komið með nýtt netfang sem tekur gildi nú þegar og er lionsbladið@lions.is.

Netfang Lionsblaðsins er: lionsbladið@lions.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Reynslan af lionsstarfinu skiptir máli

Pistill Alþjóðaforseta



Kæri lionsfélagi,
Starfið sem við innum af hendi sem lionsfélagar hefur djúpstæð áhrif á ótal samfélög og líf — þar á meðal mitt eigið.

Þegar ég gekk til liðs við Lions fyrir 40 árum fyllti það skarð í lífi mínu sem ég vissi ekki einu sinni að væri til. Þó að ég hefði verið svo lánsamur að eiga fallega fjölskyldu og farsælan starfsferil, þá uppgötvaði ég ekki hina ótrúlegu umbun þess að tilheyra hópi sem er helgaður þjónustu við aðra fyrir en ég varð lionsfélagi. Vináttan, leiðtogaþækifærin og tilfinningin um gleði hafa markað mig að eilífu. Fyrir það er ég innilega þakklátur.

Sem lionsfélagi er mikilvægt að velta því fyrir sér hvernig þessi samtök hafa mótað líf okkar — og deila þeim sögum með öðrum. Láttu fjölskyldu þína, vini og þá sem eru

samfélagsmiðlum vita af því hvers vegna þú ert stolt(ur) af því að vera í Lions. Enn betra, bjóðið þeim að ganga til liðs við okkur. Hvað gæti verið betri leið til að hafa áhrif á líf einhvers en að gefa honum tækifæri til að upplifa gleðina af þjónustu?

Sú gleði er það sem knýr skuldbindingu mína við **MISSION 1.5**, það metnaðarfulla markmið okkar um að ná 1,5 milljónum meðlima fyrir árið 2027.

Takk fyrir að taka þátt í þessu verkefni og hjálpa til við að dreifa gleðinni.

*Til þjónustu reiðubúinn,
Fabrício Oliveira
Alþjóðaforsæti Lions*

Umdæmisstjóri 109 A

Inga Lóa Steinarsdóttir,

umdæmisstjóri 109A



Stefnan er tekin á að fara í alla fjölbrautaskóla landsins sem og háskóla næsta haust. Þá mun Pieta samtökin kynna hvað þau standa fyrir og hvaða úrræði/meðferðir eru í boði ef fólk er að hugsa um sjálfsskaða en líka hvaða úrræði eru í boði fyrir aðstandendur. Þetta er ómetanlegt verkefni, því þörfin er mikil. Aukning á sjálfsvígum á milli ára er óásættanlegt og það tekur á að sjá hversu mikil aukning er hjá unga fólkinu okkar og því mikilvægt að styðja við þetta verkefni.

Ég er óendanlega stolt að geta tekið þátt í þessu forvarnarverkefni því ég tel að þetta snertir við okkur öllum. Mögulega þekkjum við til eða einhvern sem hefur tekið sitt eigið líf, því eru samtök eins og Pieta samtökin ómetanleg líflína fyrir einstaklinga og samfélagið. Fyrir einstaklinga sem eru í þeim aðstæðum að velta fyrir sér möguleikanum um að taka líf sitt því það er eini valmöguleikin sem eftir er í þeirra huga. Einmitt þá er svo mikilvægt að fá að vita að það er hjálp að finna, það er ljós það er ávallt ljós. Stundum erfitt að finna ljósið en með forvörnum og góðu upplýsingaflæði mun ljósið ávallt skína skært.

Þó svo að þessi herferð muni snúast um

forvarnir fyrir ungmenntu munum við einnig fá tækifæri að kynna hreyfinguna okkar og klúbba í heimsóknunum í skólunum. Hugmyndin er sú að það fari fulltrúi/ar með í fjölbrautarskólana og kynna okkur, hreyfinguna og allt það frábæra starf sem við stöndum fyrir.

Salan hefst á föstudaginn 4. apríl nk. og vil ég biðja ykkur, öll sem eitt að sýna hvað í okkur býr. Förum út í samfélagið hittum fólk, tókum púlsinn á samfélaginu, seljum fjaðrir, fáum fólk, fyrirtæki til að styrkja þetta þarfa verkefni og endilega nýtið tækifærið og bjóðið fólki á fundi í klúbbunum ykkar.

Á næstu vikum munum við í rauðu fjaðrar teyminu senda ykkur frekari upplýsingar um hvernig þetta mun fara fram. Við munum kynna fyrir ykkur andliti söfnunarinnar, einkunnarorð fyrir herferðina, senda ykkur auglýsingar, verið því duglega að fylgjast með Lions.is og Lions á Íslandi á Facebook.

Hlakka til að skella mér í gula vestið og vinna með ykkur að þessu verðuga verkefni, áfram við!

Þá er sólin að hækka á lofti sem þýðir bara eitt, það styttist í að rauðu fjaðrar fjáröflunin okkar fari af stað. Eins og þið munið var kosið um að fara í samstarf með Pieta samtökunum á síðasta þingi. Að mínu mati er þetta samstarfs verkefni aðeins öðruvísi en hin rauðu fjaðraverkefni síðustu ár. Hér fáum við tækifæri að vera partur af forvarnarverkefni, sem er endalaust hægt að móta og byggja upp.

Skilafrestur á efni í næsta blað er 28. mars

Að vera hluti af Lions

Einar Hilmarsson,

2. varaumðæmisstjóri 109 A



Árið 1972, þegar ég er á 5. ári, er Lionsklúbbur Laugardals stofnaður. Hilmar Einarsson faðir minn var einn af stofnfélögum klúbbsins og var í honum til dánardags. Það má því segja að Lions hafi verið í mínu lífi nær alla tíð á einn eða annan hátt. Á yngri árum fórum við í margar eftirminnilegar fjölskylduferðir með Lionsklúbbum, t.d. í Húsafell og Þórsmörk, en það lærðist líka snemma að Lions snerist ekki eingöngu um skemmtiferðir. Maður tók það stundum að sér fyrir þabba að rölta á milli húsa og selja rauðu fjöðrina og vissi jú þá að verið var að safna fyrir góðum málefnum án þess að spá eitthvað meira í það.

Árið 2011 tók ég þá ákvörðun að ganga í raðir Lions og þó svo ég búi í Hafnarfirði ákvað ég að ganga í Lionsklúbb Laugardals. Það tók ekki langan tíma að átta sig á því hversu mikilvægt það getur verið fyrir samfélög, bæði stór og smá, að hafa starfandi Lionsklúbb/a í sínu nærumhverfi sem veitt geta stuðning við einstaklinga, fjölskyldur, grunnskóla, heilsugæslur/sjúkrahús og björgunarsveitir svo eitthvað sé nefnt.

Ég er, eins og við vonandi öll erum, mjög ánægður með minn lionsklúbb og þau góðu verk sem hann styður við og fannst það sem var að gerast á landsvísu ekki skipta okkur nokkru máli, þar til ég mætti á Lionsþing. Að mæta á Lionsþing breytti sýn minni á Lions á Íslandi, sjóndeildarhringurinn snar víkkaði við að sjá hversu mikið og gott starf er í gangi hjá klúbbum út um allt land og hversu miklu við getum áorkað þegar við stöndum saman. Síðan hef ég mætt á nokkur þing og sífellt hefur víðsýnin aukist. Ég hvet alla þá sem tók hafa á, sérstaklega verðandi stjórnarmenn klúbba, til að mæta á þingin, bæði til að auka við þekkingu sína sem lionsfólk og eins til að kynnst öllu því góða fólki sem kemur víðsvegar af landinu á þingin.

Þetta starfsár hef ég verið svo heppinn að fá að starfa sem 2. varaumðæmisstjóri í umdæmi 109A. Það er búin að vera afar skemmtileg vegferð og þá sérstaklega að fá að heimsækja klúbba, allt frá Höfn í Hornafirði að Þorlákshöfn.

Það að vera kominn í umdæmisstjórn Lions hefur líka aukið tengsl mín við það starf sem er í gangi hjá Lions út um allan heim, eitthvað sem maður spáði lítið í áður fyrr og hvet ég alla Lionsfélaga til að kynna sér t.d. betur LCIF, en til LCIF getum við líka leitað eftir stuðningi við verk hér á landi.

Allt það sem ég hef séð og upplifað á þessari vegferð hefur fyllt mig stolti af því að vera hluti af þessum frábæra hóp sem við erum og hvet ég ykkur til að vera dugleg að taka vini með á fundi og kveikja þannig mögulega hjá þeim áhuga á að ganga í okkar raðir þannig að við náum áfram að vera jafn öflug og við erum. Eins þurfum við að vera dugleg að halda okkur sýnilegum með því t.d. að senda tilkynningar í fjölmiðla, inn á fésbókina og aðra miðla til að öll þau góðu verk sem við erum að vinna verði sýnilegri í okkar samfélagi.

Að lokum vil ég benda á að framundan er sala á rauðu fjöðrinni 3.-6. apríl þar sem við munum leggja það sem safnast til stuðnings Pieta samtökunum og því afar góða og nauðsynlega starfi sem þar fer fram og hvet ég alla Lionsfélaga til að styðja vel við söluna á henni.

*Einar Hilmarsson
Lionsklúbb Laugardals
2. varaumðæmisstjóri 109A*

Nýir lionsfélagar

Lionsklúbburinn Æsa
Sólveig Ágústa Guðmundsdóttir

Fjölumdæmisstjóri MD 109

Geirprúður Fanney Bogadóttir,

Fjölumdæmisstjóri MD 109



Kæru Lionsfélagar. Það hefur verið í mörg horn að líta hjá fjölumdæmisstjóra undanfarnar vikur. Fjölumdæmisstjórn hittist á fundum á tveggja vikna fresti og oftar ef þurfa þykir, undirbúningur vegna sölu Rauðu fjaðrarinnar er í fullum gangi, mánaðarlegir fundir með fjölumdæmisstjórum á Norðurlöndunum en einnig hittist GAT-teymi MD 109 á sínum öðrum fundi í nóvember. Allir þessir fundir hafa verið haldnir með fjarfundabúnaði.

Í nóvember auglýstum við eftir starfsmanni á skrifstofu Lions og MedicAlert, í stað Magneu Skjalddal Halldórsdóttur, sem hafði ákveðið að færa sig um set. Það bást yfir 70 umsóknir og eftir að hafa unnið úr þeim boðum við Stefán Árnason, fjölumdæmisgjaldkeri og Kolfinna Guðmundsdóttir, skrifstofustjóri, valda umsækjendur í viðtöl og réðum svo Sæunni Þórisdóttur, í starfið. Sæunn var í starfsþjálfun í janúar en tók við starfinu 1. febrúar s.l.

Norræna Lionsþing 2025

Þing NSR – norræna samstarfsráðsins – var haldið í Glostrup í Kaupmannahöfn helgina 17. -18. janúar. Þátttakendur frá Íslandi auk mín og umdæmisstjórnanna, Ingu Lóu Steinarsdóttur og Sumarliða Ásgeirssonar voru Halldór Kristjánsson, alþjóðastjórnamaður, Anna Blöndal, varafjölumdæmisstjóri, Björg Bára Halldórsdóttir, NSR Coordinator, Jónas Yngvi Ásgrímsson, alþjóðasamskiptastjóri og varaumdæmisstjórnarnir Thelma Rós Kristinsdóttir og Aðalsteinn Hallgrímsson. Með í för voru 6 makar þannig að alls vorum við 15 í íslenska hópnum. Þátttakendur á þinginu voru 121, þar af 29 makar.

Setning NSR – þinga er hátíðleg stund. Kyndill, táknrænn fyrir Lionshugsjónina, var



Íslensku þátttakendurnir á NSR

Frá vinstri: Aðalsteinn, Halldór, Geirprúður, Anna, Björg Bára, Sumarliði, Thelma Rós, Inga Lóa og Jónas Yngvi.



Fimm fyrrverandi alþjóðastjórnamenn og einn núverandi sátu þingið.

Frá vinstri: Tapani Rahko frá Finnlandi, Halldór Kristjánsson, (núverandi alþjóðastjórnamaður), Bent Jespersen frá Danmörku, Pirkko Vihavainen frá Finnlandi, Svein Berntsen frá Noregi og Robert Retthy frá Sviss.

borinn í salinn, síðan allir falletu norrænu fánarnir, þjóðsöngvar landanna voru fluttir og tóku þingfulltrúar og gestir vel undir. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá, umræður og hópavinnu. M.a. erindi um umhverfismál og loftslag en í umræðuhópum í tengslum við það erindi komu fram hugmyndir um að NSR löndin myndu sameinast um umhverfisverkefni sem unnið yrði á sama degi í öllum löndunum. Áhugaverð hugmynd sem vonandi verður að veruleika.

Við hlýddum á fyrirlestur um samstarf Lions í Danmörku og UNICEF þar sem áherslan er á að hjálpa börnum í neyð um allan heim. Fyrirlesturinn lét engan ósnortinn og það voru miklar umræður að honum loknum.

Halldór Kristjánsson, alþjóðastjórnamaður, flutti fróðlegt erindi um störf alþjóðastjórnar.

Guðrún Björt Yngvadóttir, fv. alþjóðaforsætis og fulltrúi Lions International hjá WHO, alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, átti ekki heimangengt en hélt með rafrænum hætti áhrifamikið og afar áhugavert erindi um andlega heilsu og vellíðan „Mental Health and Well-Being“. Andleg heilsa og vellíðan hefur lengi verið sérstakt hugðarefni Fabricio

Oliveira, alþjóðaforsætis. Hann stendur fyrir verkefninu sem er sérstakt átak á þessu starfsári.

Samstarf Lions á Íslandi við Þrieta samtökin í tengslum við sölu Rauðu fjaðrarinnar 2025, átakið #segðuþaðupphátt, er í fullum samhljómi við átak alþjóðaforsætis.

Björg Bára Halldórsdóttir, NSR Coordinator, sagði frá NSR viðburðum á alþjóðþinginu í Melbourne, sem allir tókust einstaklega vel. Einnig ræddi hún um alþjóðþingið sem haldið verður í Orlando í sumar. Sameiginlegir viðburðir norrænu þjóðanna á alþjóðþingum eru kynningarkvöld (Get together), þátttaka í skrudgöngunni og móttaka (Hospitality Room). Hlutverk NSR Coordinators er að skipuleggja og stjórna þessum viðburðum. Björg Bára er á sínu þriðja og síðasta ári í þessu embætti. Næsti NSR coordinator verður frá Svíþjóð.

Robert Retthy, fyrrverandi alþjóðastjórnamaður frá Sviss, var gestur á þinginu og tilkynnti um framboð sitt til 3. vara alþjóðaforsætis. Robert er fæddur í Svíþjóð en hefur búið í Sviss frá barnsaldri. Hann er öflugur félagi og hefur komið víða við í störfum sínum fyrir Lions.



Guðrún Þingvold – flutti frábært erindi (með rafrænum hætti).



Björg Bára, NSR Coordinator að störfum.



Halldór sagði frá fjölbreyttum störfum alþjóðastjórna.



Anna - með allt í röð og reglu.



Það er gaman í Lions; Jónas, Aðalsteinn, Halldór, Thelma Rós, Sumarliði og Inga Lóa.



Thelma Rós og Arnar, varaumráðgjafar í A-inu.



Aðalsteinn og Ásdís, varaumráðgjafar í B-inu.



Björg Bára, Inga Lóa, Anna, Hrafnhildur (maki Sumarliða) og Jenný (maki Halldórs).



Haraldur (maki Geirþrúðar), Sigurjón (maki Bjargar Báru) og Halldór.

Reglur um atkvæðagreiðslur á NSR þingum eru á þann veg að ef um er að ræða tillögu sem varðar fjárhag NSR þá hafa einungis fjölumráðgjafarinnir fimm, atkvæðisrétt og atkvæðin verða að falla 5/0 til að tillagan teljist samþykkt. Um aðrar tillögur greiða allir sem fara með atkvæði og gildir þá meirihluti til að tillagan teljist samþykkt.

Ísland fór með 4 atkvæði en alls fóru 45 einstaklingar með atkvæði á þessu þingi.

* Fyrir lá tillaga um breytingu varðandi OC hópinn. „OC-ar“ eru ráðgjafar í málefnum NSR, einn frá hverju landi, kosnir til 5 ára í senn. Tillagan hljóðaði upp á að tímabilið yrði stýtt niður í 3 ár. Töluverðar umræður urðu og mjög skiptar skoðanir og fór svo að tillagan var felld.

* Einnig lá fyrir tillaga frá Norðmönnum um að leggja niður Orkester Norden sem NSR verkefni. Sú tillaga var hins vegar dregin til baka áður en til atkvæðagreiðslu kom, enda ljóst að Finnland, Danmörk og Ísland myndu fella tillöguna og Svíar ætluðu að sitja hjá.

* Lög og reglur NSR hafa verið í endurskoðun og tillögur um breytingar þar að lútandi voru samþykktar að teknu tilliti til athugasemda sem fram komu í umræðum.

* Eins og lög gera ráð fyrir voru svo reikningar síðasta starfsárs lagðir fram sem og tillaga um fjárhagsáætlun og var hvoru tveggja samþykkt.

Næsta NSR þing verður haldið að ári í Finnlandi. Ég hvet alla Lionsfélaga til að taka þátt - það er mikil upplifun, fræðandi og skemmtilegt.

Þriðji fundur Fjöllumráðs á þessu starfsári var haldinn í Lionsheimilinu í Hlíðasmára laugardaginn 25. janúar s.l. Um morguninn voru fundir í umráðgjafarum og eftir hádegi hófst fundur Fjöllumráðs. Það var ágæt mæting, uppbyggilegar og góðar umræður.

Ég vek athygli á að fundargerðir Fjöllumráðs eru birtar á heimasíðu Lions: lions.is og hvet félagi til að kynna sér þær.

Kæru Lionsfélagar. Í desember birtist

auglýsing í Lionsblaðinu um laus embætti í framvarðarsveit Lions á Íslandi. Kynnið ykkur málið og gefið kost á ykkur. Það er bæði gefandi og skemmtilegt að takast á við verkefni utan klúbbsins síns.

Umsóknir þurfa að berast fyrir 15. febrúar n.k.

Lionsþing Fjöllumráðs 109 - 2025 verður haldið í Ólafsvík, dagana 25. - 26. apríl n.k. Nánari upplýsingar eru á vefsíðu Lions: lions.is

Allir Lionsfélagar og makar þeirra eru velkomnir á þingið og ég vona að sem flestir sjái sér fært að taka þátt.

Dagana 3. - 6. apríl n.k. verðum við Lionsfélagar út um borg og bý að selja rauðar fjáðrir.

Nýtum þetta frábæra tækifæri til að segja frá Lions og bjóðum áhugasömum einstaklingum að koma á fundi til að kynna sér starfið.

Við leggjum lið - sterkari saman.

Umdæmisstjóri 109 B

Lionsþing verður haldið í annað sinn í Ólafsvík

Sumarliði Ásgeirsson,

Umdæmisstjóri 109 B



Það er nokkuð ljóst að þetta er viðburður sem enginn stjórn má láta framhjá sér fara. Allir lionsfélagar eru líka velkomnir því þetta á að vera uppskeruhátíð okkar sem og þing þar sem þú getur haft áhrif á framgang Lions á Íslandi og tekið þátt í að „marka þín spor“ á Lionshreyfinguna til framtíðar. Fjölmæmið greiðir niður kostnað við ferðalög og „Uppskeruhátíð“ fyrir stjórnir sem sitja allt þingið. Á öðrum stað í blaðinu má sjá hver niðurgreiðslan er. Ég sendi á allar stjórnir hugmynd okkar Ingu Lóu

um dæmisstjóra í 109A með auglýsingaskilti á þinginu þar sem klúbbar gætu kynnt sýnar fjáraflanir og starf síns klúbbs fyrir þingfulltrúum á þinginu í Ólafsvík. Standarnir myndu síðan nýtast ykkur heima fyrir í ykkar starfi og gera klúbbinn ykkar sýnilegri.

Ég er nýkominn úr heimsókn í Lionsklúbbinn Öglu í Borgarnesi þar sem Halla Dís Hallfreðsdóttir hjúkrunarfræðingur flutti meðal annars erindi um líf sitt eftir að hún fékk leiðsöguhund en Halla er lögblind, og nefndi hún í sínu erindi hve öflugur styrkur af Rauðufjaðra söfnuninni er fyrir Blindrafélagið.

Undir merkjum Rauðrar fjaðrar hefur Lionshreyfingin á Íslandi safnað fé og stutt fjölmörg málefni og sem dæmi má nefna augndeild Landakotsspítala, stuðning við hönnun á talgervli í samvinnu við Blindrafélagið og fyrir þrem árum rann söfnun Rauðu fjaðrarinnar til Blindrafélagsins vegna kaupa á Leiðsöguhundum. Í ár ætlum við að safna fé í samvinnu við Píeta samtökin sem sinna forvarnar-, fræðslu- og meðferðarstarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða og styðja við aðstandendur.

Þetta eru verkefni sem var kosið um á síðasta lionsþingi. Er það von mín að Lionsfélagar láti sitt ekki eftir liggja og skipuleggi góða sölu helgina 4.-6. apríl næstkomandi.

Ágæta fólk, þetta viðburðaríka Lions ár er

að síga á seinni hlutann og því líkt ævintýri sem þetta hefur verið! Ég hef lært mikið á þessum tveimur árum sem varaumdæmisstjóri og umdæmisstjóri og það að vera hluti af alþjóðlegu neti fólks sem er tileinkar sitt líf að hjálpa, í samfélögum okkar nær og fjær (LCIF) og styðja við þá sem þurfa á því mest að halda.

Mission 1,5: til nýjustu meðlima okkar, komið þið endilega með ný sjónarhorn, nýja orku og einstaka hæfileika til borðsins. Ekki vera hrædd við að stökkva inn í hlutina, taka þátt og deila hugmyndum ykkar. Þetta snýst ekki bara um að mæta á fundi; þetta snýst um að taka virkan þátt í verkefnum, vinna hlið við hlið með félögum ykkar og upplifa ánægjuna af því að gefa til baka.

Þið eruð núna hluti af einhverju stærra en ykkur sjálfum. Þið eruð hluti af arfleifð, þjónustu, hefð fyrir að hjálpa öðrum og samfélagi af fólki sem er ástríðufullt um að hafa jákvæð áhrif. Svo, velcomin öll í Lion. Við erum himinlifandi að hafa ykkur og við getum ekki beðið eftir að sjá þá ótrúlegu hluti sem við munum áorka saman. Nú skulum við fara út og gera eitthvað!

PS: Það verður poppvél á þinginu!

Sumarliði Ásgeirsson

Umdæmisstjóri 109B

Sími 354-8627111

Áskorun

Við stefnum á að setja inn mynd einu sinni í viku eða tvær á síðurnar okkar á Facebook,

Lions á Íslandi og Lions mál.

Viljum við biðja ykkur að deila vilt og galið því við viljum sjá þetta fara út í samfélagið okkar til að minna á okkur og kynna okkur enn frekar.

Endilega notið hash taggið
#lionsáíslandi og #berjumsteinsogljón

Áfram Lions!



Inga Lóa og Sumarliði,
umdæmisstjórar A og B



Að stöðva útbreiðslu: Bólusetningarherferð gegn mislingum og rauðum hundum í Vestur-Bengal

Eftir Shelby Washington



Mislingar og rauðir hundar eru mjög smitandi veirusjúkdómar sem dreifast auðveldlega með hósta eða hnerra og geta valdið lífshættulegum heilsufarsvandamálum. Þrátt fyrir framboð á öruggum og hagkvæmum bóluefnum deyta þúsundir ungbarna og barna úr báðum sjúkdómum um allan heim á hverju ári. Lions í Vestur-Bengal sáu tækifæri til að hjálpa.

Þar sem bólusetning er áhrifaríkasta leiðin til að koma í veg fyrir bæði sjúkdóma og alvarleg áhrif þeirra, hófu stjórnvöld í Vestur-Bengal bólusetningarherferð gegn mislingum og rauðum hundum. Lions í MD-322 vildu leggja lið við að vekja athygli á bóluefninu og draga úr ótta fólks við sjúkdómuna. Þeir fengu \$40.90 styrk (designated grant) frá Alþjóðahjálparjóði Lions (LCIF) til að fjármagna auglýsingaherferð og virkjun almennings fyrir herferðina.

Gurcharan Singh Hora, LCIF fulltrúi og fyrrverandi Alþjóðastjórnarmaður, segir: „Að bólusetja alla íbúa ríkisins var gríðarlegt verkefni fyrir stofnanir ríkisins. Mikið sjálfbóðaliðastarf þurfti til að styðja við stofnanirnar sem framkvæmdu bólusetningarnar, skapa vitund meðal almennings um mikilvægi bólusetningar og vilja til þiggja hana. Lionsklúbbar í Fjölmundæmi 322 ákváðu að taka þátt í herferðinni.“

Lionsfélagar unnu sleitulaust að því að vekja athygli á verkefninu með fundahöldum, dreifingum upplýsingapésa og fræðslubæklinga, þeir héldu blaðamannafundi, auglýstu á auglýsingaskiltum og borðum, settu upp bása og upplýsingaborð - tóku aukaskrefin til að dreifa boðskapnum um þessa ótrúlegu bólusetningaráætlun. Þeir buðu sig einnig fram í mannfjölda stjórnun við bólusetningarástöðvarnar og veittu þeim sem voru hræddir við bólusetninguna síðferðilegan stuðning.

„Þessi bólusetningarherferð hefur snert svo mörg líf og valdið raunverulegum breytingum í Vestur-Bengal. Yfir 90% íbúa ríkisins voru bólusettir sem bægði frá ógninni um útbreiðslu mislinga og rauðra hunda í framtíðinni. Þessi herferð tryggir góða heilsu fjölskyldna og barna á þessu svæði,“ segir Fjárhaldsmaður Hora. Fjöldi barna og foreldra eru vernduð gegn þessum alvarlegu sjúkdómum, þökk sé LCIF og lionsklúbbum í landinu sem gripu til aðgerða til að stöðva útbreiðsluna. Fjárhaldsmaður Hora bætir við: „Mjög jákvæð viðbrögð komu frá samfélaginu vegna þátttöku Lions í að vekja athygli á herferðinni, aðstoða og veita fræðslu. Hlutverk okkar í að koma fólki á bólusetningarástöðvar og skipuleggja flæði fólks á staðnum var rómað af stofnunum ríkisins, fjölmíðlum og almennungi.“

Þessi herferð er skýrt dæmi um hvernig LCIF og Lions vinna hönd í hönd að því að bjarga mannlífum og skapa bjartari framtíð. Með því að stíga fram og styðja við lífsbjargandi verkefni eins og bólusetningarátakið gegn mislingum og rauðum hundum, verndum við ekki aðeins börn gegn hrikalegum sjúkdómum heldur styrkjum við einnig samfélagið og byggjum upp heilbrigðari framtíð. Saman erum við að sýna fram á að þýðingarmiklar breytingar eru mögulegar. Til að fræðast meira um hvernig styrkur frá LCIF getur hjálpað þar sem samfélagið þitt þarfnast þess mest, farðu á lionsclubs.org/grantstoolkit.

Þýðing: Anna Blöndal



LCIF – grein frá íslenska teyminu

Kæru lionsfélagar

Með hækkandi sól þegar daginn fer að lengja eykst okkur bjartsýni og léttara er yfir okkur hér á landinu fagra. Það er þó ekki svo að skjólstaðingum Alþjóðahjálparsjóðsins, núverandi og væntanlegum, nægi sumarkoman sem við bíðum öll eftir með svo mikilli óþreyju. Maður opnar varla svo blað að einhverjar hörmungar eða ólán einhverra sé umfjöllunar-efnið.

Við höfum öll okkar leiðir til að hafa áhrif til hins betra á nærsamfélagið og einnig alþjóðlega með framlögum til Alþjóðahjálparsjóðsins. Hafa áhrif á möguleika einhverra til betra lífs.

Merkur lionsfélagi og mannvinnur, nýlátinn, Jimmy Carter fyrrverandi forseti Bandaríkjanna sagði "I have one life and one chance to make it count for something".

Við getum látið jarðvist okkar skipta máli, ekki bara fyrir okkur sjálf og okkar nánustu heldur líka fyrir fólk sem við þekkjum ekki neitt en þarf sárlega á hjálp að halda. Vegna náttúruhamfara, styrjalda, hungurs eða veikinda. Hvert framlag til LCIF skiptir máli, smáar eða stórar upphæðir, hver eftir eigin getu. Við í teyminu leggjum á það áherslu að allir taki þátt í leggja lið í verkefnum sjóðsins – allir klúbbar – allir lionsfélagar.



LCIF er með

Framlög til Úkraínuverkefnisins (WICTU 3) verkefnisins sem koma frá Lionsfélögum, klúbbum, umdæmum og fjölumdæmum eru sjálfkrafa skráð sem framlög til LCIF og eru gilda einnig fyrir Melvin Jones Fellows (MJF) punkta.



Lions Clubs International
FOUNDATION

Styrkur LCIF ræðst af fjöldanum sem tekur þátt. Við höfum sett okkur það markmið í ár eins og í fyrra að framlag til sjóðsins á starfsárinu verði sem nemur kr.7.500,- á hvern lionsféлага. Við náðum markinu í fyrra og stefnum á að ná því aftur núna.

Ofnaverkefnið fyrir Úkraínu heldur áfram – Myndin með greininni minnir okkur á það.

Einstaklingar getur fengið skattfrádrátt allt að 350.000 kr. á ári, vegna gjafa og framlaga til

félaga sem skráð eru á almannaheillaskrá Skattsins. Til þess að einstaklingur fái frádrátt þurfa gjafir/framlög hans á árinu að vera a.m.k. 10.000 kr. Upplýsingar um framlög sem fara gegnum lionsskrifstofuna verða sendar skattinum í lok árs.

*Bestu kveðjur
Björn, Geirþrúður og Anna.*

Dánarfregnir



Minningargreinar um látna féлага eru birtar á heimasíðu Lions (lions.is) undir flípanum „Minningar“ - „Minningargreinar“. Hér er slóðin: <https://www.lions.is/is/minningarkort/minningargreinar>

Látnir félagar:

*Símon Kjærnested
Lionsklúbburinn Njörður*



Lionsklúbburinn Eik



Eikarkonur sem mættu til sykursmælinga.



Ása Hildur formaður Eikar og séra Jóna Hrönn Bolladóttir sóknarprestur í Garðabæ.

Lionsklúbburinn Eik í Garðabæ er 40 ára um þessar mundir og stofndagurinn er 18. febrúar. Í dag eru 11 stofnfélagar í klúbbnum.

Klúbburinn heldur upp á 40 ára afmæli klúbbsins með ýmsum hætti þetta starfsár. Við verðum með veglega afmælishátíð þann 28. febrúar og er þetta jafnframt fjáröflunarkvöldverður en að þessu sinni erum við að hlúa að Skjólínu.

Skjólíð sem er opið hús fyrir konur sem glíma við heimilisleysi, búa við óöruggar aðstæður eða eru nýkomnar í búsetuúrræði

eftir heimilisleysi. Skjólínu er ætlað að vera öruggur samastaður sem konurnar geta sótt að deginum til.

Verkefnanefnd skipulagði þátttöku í blóðsykursmælingum, en við fengum mjög góðar viðtökur og fáum alltaf mikið hrós fyrir þetta verkefni. Við stóðum vaktina í Bónus þennan dag og íklæddar gulum vestum vöktum við athygli á starfinu okkar í Lionsklúbbnum Eik.

Lionsklúbburinn Eik styrkir Styrktarsjóð Garðasóknar og að auki styrkti klúbburinn verkefnið „Jól í Skókassa“.

Við höldum glæsilegan jólafund og tókum þá inn nýjan félagan En Þórunn Reynisdóttir forstjóri Úrvals Útsýnar var boðin velcomin í Lionshreyfinguna

Framundan er glæsilegur fjáröflunarkvöldverður sem haldinn verður í Safnarðarheimili Vídalínskirkju föstudaginn 28. febrúar. Og í maí leggjum við land undir fót og siglum á Rín en um 30 manns taka þátt í afmælisferðinni.



Blóðsykursmæling í Bónus Garðabæ á alþjóðdegi sykursjúkra.



Hjördís svæðisstjóri, Ása formaður, Þórunn R. nýr félagi, Guðrún Y og Auður.



Umvaðar bleiku á októberfundi.



Söngskvísur



Þórunn Reynis ásamt Guðrún Björt Yngvadóttur meðmælenda.

Kveðjuhóf - Magnea Skjalddal Halldórsdóttir kvödd



Magnea Skjalddal Halldórsdóttir og Geirþrúður F. Bogadóttir, fjöllumdæmisstjóri.



Magnea Skjalddal Halldórsdóttir, Þór Steinarsson, MedicAlert-stjóri og Anna Kristín Gunnlaugsdóttir, stjórnarmanni í MedicAlert.



Frá vinstri: Kolfína Guðmundsdóttir, skrifstofustjóri Lions á Íslandi, Magnea Skjalddal Halldórsdóttir og Sæunn Þórisdóttir, starfsmaður á skrifstofu Lions og MedicAlert.

Eins og kunnugt er ákvað Magnea Skjalddal Halldórsdóttir, starfsmaður á skrifstofu Lions á Íslandi, að færa sig um set og sagði upp störfum eftir 18 ára farsælt starf á skrifstofu Lions og MedicAlert.

Við erum þakklát fyrir gjöfult samstarf öll þessi ár og föstudaginn 7. febrúar s.l., héldum við lítið kveðjuhóf þar sem við kvöddum Magneu með formlegum hætti.

Við þetta tækifæri buðum við Sæunni Þórisdóttur velkomna í hópinn okkar, en hún tók við af starfinu af Magneu þann 1. febrúar s.l.

Friðarveggspjaldakeppnin

Friður án takmarka, var þemað 2024-2025

Þar skiluðu sér inn myndir frá 5 skólum, Grunnskólanum í Stykkishólmi, Sandgerðisskóla, Borgarhólsskóla Húsavík, Háaleitisskóla Reykjanesbæ og Njarðvíkurskóla en frá þeim skóla kom vinningshafinn Ólavía Þórólfsdóttir og var hennar mynd send út í Alþjóðakeppnina, og verða úrslit kynnt 1. febrúar. Vinningsmynd hennar fylgir þessari grein.

Ég er búin að vera að velta fyrir mér hvað ætti að gera til að auka þátttöku, t.d. hvíla eitt til tvö ár. Annað sem mér datt í hug að leggja í þá vinnu að finna út nöfn myndlistarkennara í skólum og senda beint á þá, þetta er allt umhugsunarefni. Eitt sem við verðum að athuga að okkar nemendur eru kannski bara einn tíma á viku í myndmennt en erlendis eru þau jafnvel í listasmiðju.

Anna Kristín Gunnlaugsdóttir
GST fulltrúi umdæmi 109 B



Frábær makaferð á NSR þingi



Makahópurinn að stíga inn í rútuna í upphafi ferðar.

Ég var svo heppinn að fá tækifæri til þess að fara með konunni minni á NSR þingið sem haldið var í Glostrup í Kaupmannahöfn, dagana 17. og 18. janúar s.l.

Sú venja er á Lionsþingum bæði hérlandis og erlendis að þinghaldarar bjóði mökum sem mæta á þing í nokkurra klukkustunda ferð sem leitast er við að hafa bæði upplýsandi og skemmtilegar. Danirnir viðhéldu þessari góðu venju og buðu upp á makaferð sem var í einu orði sagt frábær.

Við fórum með rútu frá hótelinu og var þátttaka einstaklega góð, en setið var í hverju sæti. Ferðin var tvíþætt og við byrjuðum á því að sjá mjög athyglisverða sýningu um hollenska listmálarann Vincent van Gogh. En til að fyrirbyggja misskilning þeirra sem til þekkja, þá er þetta ekki van Gogh safnið í Kaupmannahöfn, heldur sérstök sýning sem nú stendur yfir í gömlu og nánast aflögðu iðnaðarhverfi. Mér sýndist þó að hlutar nokkurra bygginga hverfisins séu nýttir fyrir menningarstarfsemi, sem er vel. Sýningin er mjög athyglisverð og uppsetningin þannig að gestir fara nokkurn vegin í hringferð um lítil rými og ganga. Sýnd eru töluvert mörg af málverkum listamannsins og sum eru af þeim þekktari, auk mikils fróðleiks um verkin, kveikjuna að þeim sem og andlegt og líkamlegt ástand listamannsins hverju sinni. Vincent van Gogh átti við mikið heilsuleysi að stríða vegna geðsjúkdóms, áfengissýki og

vannæringar, sem leiddi til þess að hann tók líf sitt árið 1890 aðeins 31 árs gamall. Það er því með ólíkindum hversu miklu hann kom í verk á sinni stuttu ævi. Í stórum baksal er svo alveg magnað vídeóverk látið flæða um veggj salarins sem er einskonar yfirlitsmynd yfir helstu verk meistarans. Það var mjög áhrifaríkt að sjá þessa vídeósýningu svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Seinni staðurinn sem við heimsóttum var Lions Neurocenter, sömuleiðis í Kaupmannahöfn, sem er hreint út sagt stórkostlegt Lionsverkefni. Lions Neurocenter, sem er hjúkrunar- og endurhæfingarstöð fyrir þá sem hafa orðið fyrir heilaskaða, var stofnað árið 1981, en sagan nær allt aftur til 1966. Þegar borgaryfirvöld Kaupmannahafnar tóku svo þá ákvörðun árið 1970 að styðja við uppbyggingu slíkrar endurhæfingarstöðvar vaknaði áhugi dönsku Lionshreyfingarinnar á því að koma að þeirri mikilvægu starfsemi sem þar átti að fara fram og varð Lions í Danmörku þá virkur aðili að rekstri og starfsemi stöðvarinnar sem hét þá Hammershøj. Árið 1981 varð Hammershøj að sjálfstæðri stofnun og árið 2023 var nafni hennar breytt í Lions Neurocenter.


Okkur NSR-makahópnum var tekið fagnandi af Helle Steffensen, einum af stjórnendum stofnunarinnar og stjórnarformanninum Gerren Jakobsen. Stjórn Lions Neurocenter er skipuð 8 manns og eru 6 af þeim frá dönsku Lionshreyfingunni, þ.m.t. er Gerren. Varaformaður



Andyrið og miðasalan á van Gogh sýningunni.



Vídeovertið í baksal van Gogh sýningarinnar.



Keilubrautin.



Hópurinn framan við aðalbyggingu Lions Neurocenter.



Hópurinn hlýðir á Helle Steffensen sem er lengst til hægri á myndinni.



Útisvæði á milli íbúðabygginga Lions Neurocenter



Hópurinn virðir fyrir sér útisvæði þar sem fram fer ræktun og fleira gagnlegt.

stjórnarinnar er hinn ötuli og þekkti Lionsmaður, Bent Jespersen, fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður.

Helle og Gerren buðu okkur inn í sal þar sem búið var að leggja á borð, en komið var að hádegi þegar við komum. Helle sagði okkur frá þessari merkilegu stofnun sem náð hefur ótrúlegum árangri svo eftir er tekið í Danmörku. Á meðan snæddum við ekta danskt smurbrauð og spurðum spurninga.

Alls geta 71 einstaklingur dvalið í einu á Lions Neurocenter, en fólk dvelur þar í mislangan tíma eftir alvarleika heilaskaðans og hversu vel endurhæfingin gengur.

Stofnunin er í eins konar húsapýrpingu með einni aðalbyggingu. Dvölin er með þeim hætti að stofnunin verður heimili þeirra sem þar sækja endurhæfingu og að sjálfsögðu mega ættingjar og vinir heimsækja sitt fólk.

Helle nefndi nýlegt og áhrifaríkt dæmi um magnaðan árangur af endurhæfingu ungs skjólstaðings sem Lions Neurocenter tók að sér eftir að allar aðrar viðeigandi stofnanir höfðu gefist upp á endurhæfingu viðkomandi. Þessi aðili var í endurhæfingu hjá Lions Neurocenter í tvö og hálf ár og bjó þar allan þann tíma. Það hefði engan órað fyrir því að viðkomandi næði slíkum bata sem raun varð, en með þeirri nálgun og aðferðum sem sérfræðingar Lions Neurocenter töldu að hæfði þessum einstaklingi, fór árangurinn fram úr björtustu vonum.

Í aðal byggingu Lions Neurocenter eru svæði, nokkurs konar torg, með trjám og öðrum gróðri þar sem heimilismenn geta tekið á móti

gestum og setið með þeim í notalegu umhverfinu. Einnig er ýmislegt í boði til afþreyingar, t.a.m. keilubraut. En inn á milli bygginganna eru útisvæði þar sem íbúar njóta útiveru, rækta blóm og annan gróður sem og grænmeti, jarðarber o.fl. slíkt.

Fyrir þá sem hafa áhuga á því að kynna sér starfsemi Lions Neurocenter þá er hér slóðin á vefsíðu stofnunarinnar: www.lionsneurocenter.dk

Það var áhrifaríkt að heimsækja Lions Neurocenter og ég varð enn og aftur snortinn yfir öllu því sem Lionshreyfingin fær áorkað fyrir mannkynið, nær og fjær. Um leið er ég þakklátur fyrir að fá að tengjast Lions í gegn um vegferð konunnar minnar, Geirprúðar F. Bogadóttur, sem nú gegnir embætti Fjöllumdæmisstjóra.

Ég vil að lokum hvetja maka Lionsfélaga eindregið til þess að mæta á Lionsþing, hvort sem er hér heima eða erlendis og taka þátt í því sem boðið er upp á, því það er alltaf upplifun. Ég hef lagt mig fram um að fylgja konunni minni á Lionsþing og aðra Lionsviðburði og í tengslum við það hef ég eignast vini fyrir lífstíð sem og kunningja víðs vegar að úr heiminum.

Með kærri kveðju,
Haraldur Árni Haraldsson

Gleraugnasöfnun

Sigfríð Andradóttir,
Verkefnastjóri (GST)



Geirþrúður Fanney Bogadóttir fjölumdæmisstjóri afhendir Bent Jespersen PID töskurnar góðu.

Undanfarin ár höfum við ekki farið í sérstakt átak í söfnun á gleraugum en það eru alltaf einhverjir klúbbar sem hafa tekið sig til og safnað gleraugum í sinni heimabyggð.

Smátt og smátt hafa þau verið að safnast upp í kassa, poka og hin og þessi box í geymslunni hjá okkur hér í Lionssalnum. Kolfinna var búin að hafa samband við mig út af fari sem hún frétti af til Afríku með þau en ekkert varð af því.

Ég var búin að reyna að vera að ná í Danina sem tóku á móti sendingunni sem fór til þeirra sumarið 2023 en hún var stór enda höfðum við þá safnað opinberlega í 1-2 ár en fékk engin svör.

Á Evrópuþinginu (Europa Forum) spurði ég Idu Mogensen sem var danski fjölumdæmisstjórinn CC sama ár og ég hvort hún vissi um við hvern ég ætti að tala og kom þá í ljós að Bent Jespersen PID sem er flestum okkar góðu kunnur og var á svæðinu, maðurinn sem átti að tala við.

Ég spurði hann hvort danskir lionsfélagar væru ekki til í að fá gleraugu frá Íslandi og hann svaraði þannig: Skelltu þeim í ferðatösku og komdu með hana á NSR þingið sem að þessu sinni var haldið í Danmörku.

Ég/við Geirþrúður fjölumdæmisstjóri tókum hann á orðinu og redduðum gömlum þreyttum ferðatöskum (alls 4) og mættum við Anna Kristín GST fulltrúi í B-umdæminu og Þorkell PCC með meiru og pökkuðum niður gleraugunum sem höfðu safnast, alls 1.260 stk. Anna Blöndal VCC kom svo með fullan bíl af gleraugum að norðan sem einnig voru sett í ferðatöskur.

Þau voru ekki talin en fylltu 2 ferðatöskur til viðbótar svo sennilega hafa farið um það bil 1.800 stk. frá okkur.

Þegar til Danmerkur var komið afhenti svo Geirþrúður þær til Bent sem tók þeim fagnandi fyrir utan það að hann var eitthvað að hafa áhyggjur af töskunum. Honum varð svo mikið létt þegar honum var tjáð að hann fengi að taka með sér allar töskurnar með innihaldinu.




Sigfríð Andradóttir verkefnastjóri fjölumdæmisins og Anna Kristín Gunnlaugsdóttir verkefnafulltrúi í B-umdæminu.



Þorkell Cýrussón ritstjóri Lionsblaðsins.




Sigfríð að pakka.



Anna Kristín að pakka.



Séð yfir salinn.



Ferðatöskurnar klárar í slaginn.



Rauða fjöðrin

3.- 6. apríl

Það er okkur sönn ánægja að tilkynna að Rauða fjöðrin 2025 verður tileinkuð Píeta samtökunum og vitundarvakningu fyrir ungt fólk.

Í september fara Píeta samtökin í hringferð um landið og heimsækja framhaldsskóla með fræðslu og forvarnir. Verkefninu er ætlað að opna á umræðuna um sjálfsvígshugsanir og geðheilbrigði hjá ungu fólki.

Kæru Lionsfélagar nú þurfum við öll að taka þátt svo við náum okkar takmarki. Nú söfnum við í vængi vonarinnar með öllum þessum fjöðrum.

Lions og Píeta – saman gegn sjálfsvígum





Nóvember – myndasíða

Friðgeir Guðmundsson

Sigríður Guðmundsdóttir

Guðmundur Jónsson Lionsklúbbum Bjarma







70. þing Lionsumdæmis 109 verður haldið í Ólafsvík dagana 25. og 26. apríl 2025 og munu Lionsklúbburinn Rán og Lionsklúbbur Ólafsvíkur vera gestgjafar þingsins

Lækkun þinggjalds og þingfararstyrkur:

Á undanförunum árum hefur fjárhagsleg aðkoma Fjöllumdæmisins verið að aukast sem m.a. hefur leitt til þess að þinggjald hefur lækkað úr kr. 13.500.- í kr. 5.000.- og ferðastyrkur hækkað kr. 25.000.- (var áður kr. 20.000.-) fyrir hvern þingfulltrúa sem býr í meira en 150 km. fjarlægð frá þingstað fjöllumdæmisþings.

Sótt er um styrkinn að loknu þingi. **Skilyrði styrkveitinga er að þingfulltrúi hafi setið allt þingið.**

Í tilefni af 70. afmælisþingi Lionsumdæmis 109 mun Fjöllumdæmið auka enn frekar fjárhagslega aðkomu sína að þinginu. Markmið breytinganna er að fá fleiri til að mæta, taka virkan þátt í störfum þingsins og þeim viðburðum sem eru í boði fyrir þingfulltrúa og maka þeirra. Þannig geta lionsfélagar haft áhrif og tekið þátt í því að móta starf hreyfingarinnar til framtíðar.

GJALDSKRÁ fyrir Lionsþing 2025:

Þinggjald	kr. 5.000.-
Hádegismatur föstudag	kr. 3.500.-
Síðdegiskaffi föstudag	kr. 1.500.-
Kynningarkvöld föstudag	kr. 4.000.-
Hádegisverður laugardag	kr. 3.500.-
Síðdegiskaffi laugardag	kr. 1.500.-
Lionshátíð laugardagskvöld	kr. 7.000.- (var kr. 13.500)

Vakin er athygli á því að Kynningarkvöldið og Lionshátíðin eru opin öllum Lionsfélögum og mökum þeirra. Lionshátíðin verður haldin í Klifi sem er eitt glæsilegasta félagsheimili landsins. Boðið verður upp á hátíðarkvöldverð og dansleik.

Skrá sig þarf sérstaklega á alla viðburði á heimasíðu Lions, www.lions.is og opnað verður fyrir skráningu á næstu dögum. Ef vandamál koma upp við skráningu eða breyta þarf fyrri skráningu, skal hafa samband við Lionsskrifstofuna í síma 561-3122 eða netfangið lions@lions.is.

Lionsfélagar eru minntir á að taka með sér stóra klúbbfána og stangir fyrir skrudgönguna. Einnig borðfána klúbbsins, ef þeir eru til.

Kæru lionsfélagar, við hvetjum lionsklúbba til þess að taka þátt og senda fulltrúa á þingið í Ólafsvík. Þar gefst tækifæri til að hitta aðra lionsfélaga, spjalla og treysta vinabönd.

Stefán Arnason, fjöllumdæmisgjaldkeri
Hörður Sigurjónsson, þing- og protocolstjóri

Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.

Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.

Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.



Lionsklúbbunum í Ólafsvík er það mikil ánægja að bjóða til Lionsþings í Ólafsvík 25. - 27. apríl 2025

Snæfellsbær - Undir Jökli

Þingið og Ólafsvík

Ólafsvík verður miðstöð þinghaldsins og mun mannlíf bæjarins og næsta nágrennis að mestu leyti snúast um það. Fundahald verður í Íþróttahúsi Snæfellsbæjar og Safnaðarheimili Ólafsvíkurkirkju, skólar verða í Grunnskóla Snæfellsbæjar í Ólafsvík. Allar þessar byggingar eru á sömu torfunni svo að ekki tekur nema 2-3 mínútur að ganga á milli húsa.

Kynningarkvöld

Kynningarkvöldið verður með hefðbundnu sniði að hætti Snæfellinga. Á þinginu sem Ólsarar héldu 2007 var Kynningarkvöldið í aflagðri fiskverkun á hafnarsvæðinu. Að þessu sinni ákváðum við að flytja okkur til og fengum veiðarfæragæmslu sem er einnig á hafnarsvæðinu og býður ekki síður upp á möguleika til að skemmta fólki. Gert er ráð fyrir lífandi tónlistarflutningi og ljúffengum veitingum sem bera þess merki að Ólafsvík er útgerðarbær.

Makadagskrá - Skoðunarferð

Farið verður með maka í skoðunarferð laugardaginn 26. apríl um Snæfellsbæ en þar er margt að sjá og upplifa. Við gerum ráð fyrir að ferðin verði óvissuferð og því verður ekki gefið upp hvert verður farið, hvar verður áð eða hvað verður til skemmtunar í ferðinni. Frítt er í ferðina.

Lokahóf

Lokahófið verður haldið í Klífi. Félagsheimilið Klíf er eitt glæsilegasta félagsheimili landsins. Boðið verður upp á hátíðarkvöldverð og dansleik.

Gisting í Snæfellsbæ

Í Ólafsvík eru fjögur hótel og gistiheimili: North star hótel, Við hafið, Welcome apartments og Bikers Paradise. Á Hellissandi og Rífi sem eru í um 7 mínútna akstursfjarlægð eru tvö til viðbótar, The Freezer hostel og Hótel Hellissandur. Samtals bjóða þessir staðir upp á gistingu fyrir um 230 manns. Í Staðarsveit og Breiðuvík, sem eru rétt hinum megin við Fróðárheiði, eru 9 hótel og gistiheimili sem bjóða upp á gistingu fyrir um 535 manns, má þar m.a. nefna Hótel Búðir, Hótel Hellnar, Kast guesthouse og Langaholt. í Grundarfirði sem er í 20 mínútna fjarlægð er hótel og fjöldi gistiheimila.

Til viðbótar við hótel og gistiheimili er mikið framboð af heimagistingu og svo er frábær aðstaða bæði á Hellissandi og í Ólafsvík fyrir tjöld, vagna og hjólhýsi.

Upplifun á Snæfellsnesi

Snæfellsnes hefur upp á margt að bjóða, afþreyingu og skoðun hverskonar. Ber þar fyrst að nefna Snæfellsjökul, kórónu Snæfellsness,

svo fagan að annað þótti ótækt en að stofna um hann Þjóðgarð. Þjóðgarðurinn var stofnaður 28. júní 2001 og þykir hann um margt merkilegur vegna sérstöðu svæðisins í jarðfræði og landmótun. En áhugaverðir staðir innan hans auk Snæfellsjökuls eru t.d. Arnarstapi, Djúpalónssandur, Dritvík, Gufuskálar, Lóndrangar, Saxhóll og Púfubjarg. Miklir möguleikar eru til útivistar á svæðinu.

Ýmis söfn og sýningar eru í Snæfellsbæ svo sem Pakkhúsið í Ólafsvík, Gestastofa Þjóðgarðsins á Malarrífi, Sjóminjasafnið og Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi og að sjálfsögðu Frystiklefinn á Rífi en hann er atvinnuleikhús og suðupottur alls kyns snilldarverka og tónleikahalds í bland við annað viðburðahald. Kirkjur Snæfellsbæjar eru sex talsins, á Staðarstað, Búðum, Hellnum, Brimilsvöllum, Ingjaldshóli og Ólafsvík. Ólafsvíkurkirkja er nokkuð sérstök í útliti en úr lofti er hún í laginu eins og flattur fiskur, Ingjaldshólskirkja er talin elsta óbreytta steinsteypta kirkja í heimi og er friðlýst. Gaman er að skoða hana ásamt þeim fjölmörgu áhugaverðu grípum sem eru í eigu hennar.

Ýmsu er hægt að kynnast á Snæfellsnesi. Hér er einna styðst í hvalaskoðun á landinu en boðið er upp á slíkar ferðir frá Ólafsvík. Einnig er hægt að fara í ógleymanlegar siglingar um innanverðan Breiðafjörð þar sem fjölbreytt náttúra eyjanna og fuglalíf eru skoðað, en við Breiðafjörð eru hafarnir flestir á Íslandi. Víða við ströndina má sjá seli flatmaga í fjörunni og fuglalíf er fjölbreytt.

Möguleikar til útivistar eru miklir á Snæfellsnesi, ber þar fyrst að nefna ferðir á Snæfellsjökul, gönguleiðir innan Þjóðgarðsins og utan eru fjölmargar og af öllum gerðum þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Rauðfelldargjá í Breiðuvík er eitthvað sem allir þurfa að skoða og eins er það mikil upplifun að heimsækja Vatnshelli. Þá eru möguleikar á stangveiði miklir á Nesinu þar sem sumar af bestu ám og vötnum landsins eru staðsett.

Fjórir 9 holu golfvöllir eru á Snæfellsnesi, í Ólafsvík, í Grundarfirði, í Stykkishólmi og í Staðarsveit.

Sundlaug er í Ólafsvík og er stutt síðan hún var mikið endurbætt. Einnig er nýendurnýjuð útilaug á Lýsuhóli en hún er heilsulaug. Hestaleigur eru víða í Snæfellsbæ. Sjóminjasafn er að finna á Hellissandi, safnið er í uppbyggðri þurrabúð þannig að þar sést vel hvernig sjómennirnir bjuggu. Ýmis önnur söfn er að finna í sveitarfélaginu.

Allir lionsfélagar velkomnir

Allir fullgildir lionsfélagar, þótt þeir séu ekki kjörnir þingfulltrúar, eiga rétt á setu á umdæmis- og fjölumdæmisþingi sem áheyrnarfulltrúar.

Við bjóðum því alla lionsfélaga velkomna á þingið, Lionshátíðina og einstaka viðburði.

Sjáumst heil í Ólafsvík dagana 25. - 27. apríl 2025

Lionsklúbbur Ólafsvíkur og Lionsklúbburinn Rán

Fundur um virkjanamál á Hótel Örk



Þann 16. janúar síðastliðinn hafði Lionsklúbbur Hveragerðis frumkvæði að fundi um virkjanamál og starfsemi Landsvirkjunar. Klúbburinn bauð öðrum klúbbum í Árnassýslu að taka þátt í fundinum. Mæltist þetta framtak mjög vel fyrir. Það mættu um 100 manns úr lionsklúbbum víðsvegar úr héraðinu.

Fundarstjóri var lionsmaðurinn Valdimar Hafsteinsson forstjóri Kjöríss.

Sérstakur gestur og fyrirlesari á fundinum var Ásbjörg Kristinsdóttir framkvæmdastjóri á framkvæmdasviði Landsvirkjunar. Ásbjörg fór yfir það helsta sem er á döfinni í virkjanaframkvæmdum hjá Landsvirkjun. En virkjanir í Þjórsá framleiða mjög stóran hluta af rafmagni því sem notað er á Íslandi. Má þar nefna virkjanir við Búrfell, Hrauneyjarfoss, Sigöldu, Sultartanga, Vatnsfell og Búðarháls. Landsvirkjun er því nokkuð stór vinnuveitandi á Suðurlandi. Hvammsvirkjun í Þjórsá ber einna hæst í þeim áformum sem eru um fyrirhugaða virkjanauppbyggingu. En sú virkjun hefur verið í undirbúningi með hléum í fast að tveimur áratugum. Margar hindranir hafa tafið að bygging þeirrar virkjunar geti

hafist og hittist þannig á að daginn fyrir umræddan fund var framkvæmdaleyfi fellt úr gildi. Virkjunin verður um 95 megawött að stærð. Einnig gat Ásbjörg þess að fyrirhuguð væri vindafllsvirkjun í Búrfellslandi við Vaðöldu á Þjórsársvæði skammt innan við Búrfell. Þetta verður fyrsta vindorkuver landsins. Um er að ræða 28 vindmyllur á 17 ferkílómetra svæði. Það mun skila 120 megawöttum. Vonir standa til þess að spaðar vindmyllnanna verði farnir að snúast í lok árs 2026. Auk þess var fjallað um ýmis önnur verkefni sem eru á borði Landsvirkjunar.

Ásbjörg gat þess að samstarf við þau sveitarfélög sem liggja að Þjórsá hafi verið með miklum ágætum. Góð stemning skapaðist á fundinum og lögðu fundarmenn fram margar málefnalegar spurningar sem Ásbjörg svaraði með mjög greinargóðum hætti.

Kristófer Tómasson

